


## Staðsetning vinnuskúrs á byggingarreit vegna skammtíma veitutenginga.

Vinnuskúr skal staðsettur götumegin við byggingarlínu byggingareits, innan viðkomandi byggingarlóðar.

Gæta skal þess við staðsetningu vinnuskúrs að hann lendi ekki ofan á lagnaleiðum skólps, síma, hitaveitu, ferskvatns né rafmagns.



**Tenging rafmagnsveitu:** HS sér um að framkvæma tengingu vinnuskúrs og ber ábyrgð á lagningu bráðabirgðatengingar í hann. Nota skal heimtaugaslaufu ef hún er komin að lóðamörkum, nema götuskápur sé nær og hagkvæmara að tengja beint í hann.

Vinnuheimtaug er lögð í rör á 20-30cm dýpi þannig að hægt sé að draga hana úr rörinu og draga hana síðan í ídráttarrör aðalheimtaugar.

Athugið vinnuskúrin mun þá aftengjast þegar aðalheimtaug húsnæðis er tengd. Ef óskað er eftir því að vinnuskúr aftengist ekki þegar aðalheimtaug húsnæðis er tengd þarf að taka það sérstaklega fram þegar óskað er eftir skammtímatengingu. Vanalega mun það hafa viðbótarkostnað í för með sér fyrir viðskiptavin.

**Tenging hitaveitu:** Miðað er við að tengt sé við heimæðarenda hitaveitu á lóðamörkum. Viðskiptavinur leggur til og grefur niður rör frá heimæðarenda og inní vinnuskúr. HS

annast tengingu við heimæðarendann og setur upp hemla-/mælagrind í vinnuskúrnum. Athugið að vinnuskúrin aftengist þegar heimæð húsnæðis tengist.

***Tenging ferskvatnsveitu:*** Miðað er við að tengt sé við heimæðarenda ferskvatnsveitu á lóðamörkum. Viðskiptavinur leggur til og grefur niður rör frá heimæðarenda og inní vinnuskúr. HS annast tengingu við heimæðarendann og setur upp mæli í vinnuskúrnum ef um mælda notkun er að ræða. Athugið að vinnuskúrin aftengist þegar heimæð húsnæðis tengist.